



**7.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið  
2018-2022, haldinn í Ráðhúsi Árborgar, 18.febrúar, kl.08:10.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson,  
Árni Eiríksson og Rakel Sveinsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir  
fjárhaldsmaður nefndarinnar.**

**1. Húsnæðismál.**

Rætt um tilboð til eigenda Búðarstígs á Eyrarbakka, í framhaldi af samþykkt  
aukafundar Héraðsnefndar, 11.febrúar sl. Ákveðið að senda eigendum tilboð um  
milligjöf og uppítoku húsnæðisins að Hafnarbrú. Ákvæði um afhendingatíma og  
leigurétt Hafnarbrúar, fram að flutningum. Tilboð og ákvæði rædd og Eyþóri og  
Árna falið að senda inn tilboð í gegnum Lögmenn Suðurlands.

**2. Alviðra/Laxabakki.**

Rætt um lóðamál Laxabakka og stærð lóðar sem eigendur telja að eigi að fylgja  
húsinu. Ekki virðist liggja fyrir óyggjandi upplýsingar um stærð lóðar með húsinu.  
Nýir eigendur, Gamli bærinn ehf, vilja endurbyggja húsið á staðnum og koma upp  
salernisaðstöðu og geta sýnt það. Samkvæmt skipulagi Grímsnes- og  
Grafningshrepps er ekki gert ráð fyrir neinni uppbyggingu á þessu svæði. Ákveðið  
að fulltrúar Héraðsnefndar og Landverndar fundi með fulltrúum GOGG um stöðuna,  
skipulagslega ofl.

Fundi slitið kl. 10:00.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.

*Helgi Sigurður Haraldsson  
Helgi S. Haraldsson  
Rakel Sveinsdóttir  
Árni Eiríksson  
Kjartan Björnsson*